

Alþingi
Erindi nr. P 136/1185
komudagur 11.3.2009



LANDVERND

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2009

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999

Í 29. gr. laga um náttúruvernd er fjallað um landverði og hlutverk þeirra. Í núgildandi lögum er ráðherra veitt heimild til reglugerðarsetningar þar sem kveða skuli nánar á um á um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Í framkominni tillögu að breytingu á 2. mgr. 29. gr. laganna eru réttindi til starfa nánar útfærð og er þar vísað í próf til landvörslu að loknu námskeiði á vegum Umhverfisstofnunar, eða samsvarandi menntun að mati Umhverfisstofnunar. Þá er stofnuninni veitt heimild til gjaldtöku, skv. gjaldskrá sem sett yrði af ráðherra að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun, til þess að standa undir námskeiðum. Gjald skal ekki vera hærra en sá kostnaður sem hlýst af námskeiðinu og vinnu vegna próftöku. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða í reglugerð nánar um nám og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

Með stofnun Vatnajökulþjóðgarðs hafa stjórnvöld skapað fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar í tengslum við landvörslu, leiðsögn og aðra þætti sem tengjast ferðaþjónustu. Atvinnutækifærin er að finna í öllum sveitarfélögum sem eiga land að þjóðgarðinum og er því stofnun hans afar jákvæð m.t.t. atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Ein af forsendum þess að vel geti tekist til í þessum efnum er gott bakland og viðeigandi menntun á meðal heimamanna og annarra sem að málum koma. Frumvarpið styrkir grundvöll fræðslustarfseminnar sem til þarf og telur Landvernd þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu vera til bóta.

Með vinsemd og virðingu,

Björgólfur Thorsteinsson,
formaður Landverndar